

Borgarráð


Tillaga Sjálfstæðisflokksins um mælaborð um stöðu leikskólamála

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 17. ágúst 2022, var svohljóðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vísað til borgarráðs:

Lagt er til að upplýsingar um laus leikskólarými og stöðu biðlista verði settar í svokallað mælaborð á vef Reykjavíkurborgar. Þar komi fram aðgengilegar sundurgreindar og auðskiljanlegar upplýsingar eftir leikskólum og hverfum um stöðu biðlista og laus leikskólarými. Þá er ennfremur lagt til að þessar upplýsingar verði uppfærðar um leið og breytingar verða. Markmiðið með tillögunni er að auðvelda foreldrum aðgengi að upplýsingum, gera stjórnsýsluna gagnsærri og skilvirkari. Slíkt fyrirkomulag sparar foreldrum mikla fyrirhöfn við að afla sér upplýsinga innan úr kerfinu og dregur jafnframt úr álagi á leikskólana og leikskóladeild skóla- og frístundasviðs að veita upplýsingar um laus leikskólarými og stöðu biðlista. Það ætti að vera sjálfsgöð og eðlileg krafa að tölulegar upplýsingar um jafn mikilvæga þjónustu við borgarbúa sem leikskólarnir eru séu opinberar og aðgengilegar á hverjum tíma þannig að foreldrar geti betur gert ráðstafanir og fylgst með stöðunni í stað þess að þær séu lagðar fram tvisvar til þrisvar á ári á fundi í skóla- og frístundaráði til upplýsingar.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst,



Helgi Grímsson
sviðsstjóri

Skóla- og frístundasvið